

LÖG

um breytingu á lögum um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, nr. 62/1997.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

- a. Við 6. tölul. 1. mgr. bætist nýr málslíður er verður 2. málsl. og orðast svo: Þá skal félagið greiða Hvalfjarðarstrandarhreppi og Skilmannahreppi fasteignaskatt sem skal vera 0,75% af 826.444 þús. kr., sem er áætlað verðmæti bygginga sem þarf til aukinnar álframleiðslu um 30 þús. lestir, miðað við byggingarvísitölu 1. desember 1999 (236,6 stig).
- b. Við 6. tölul. 1. mgr. bætist nýr lokamálslíður sem orðast svo: Fasteignaskattur skv. 2. málsl. skal lagður á í fyrsta sinn 1. janúar næsta ár eftir að framleiðslugetan er komin í 90 þús. lesta álframleiðslu á ári.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.

Nr. 13

14. apríl 2000

LÖG

um breytingu á lögum nr. 45/1997, um vörumerki, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 35. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. mgr., sem orðast svo:

Eigandi vörumerkis, sem hefur ekki lögheimili hér á landi, telst hafa varnarþing í Reykjavík í málum sem rekin eru samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

4. mgr. 42. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Í stað orðanna „gjöld fyrir umsóknir, endurnýjanir, afgreiðslur, endurrit o.fl.“ í 65. gr. laganna kemur: gjöld fyrir umsóknir, endurnýjanir, afgreiðslur, endurrit, áfrýjanir o.fl.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.

LÖG

**um breytingu á lögum um Landsvirkjun,
nr. 42/1983, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 2. mgr. 2. gr. laganna bætist: svo og aðild að fjarskiptafyrirtækjum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.

LÖG

**um breyting á ýmsum lögum vegna þátttöku
Íslands í Schengen-samstarfinu.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

1. gr.

Á eftir orðunum „28. maí 1970“ í 1. mgr. 8. gr. a laganna, sbr. lög nr. 72/1993, kemur: eða alþjóðlegum samningum innan Schengen-samstarfsins.